

GÖNGUSTÍGUR Á HELGAFELL

TILLAGA AÐ LEGU OG ÚTFÆRSLU GÖNGULEIÐA – OKTÓBER 2026


LANDSLAG

Núverandi aðstæður og helstu vandamál

Núverandi gönguleiðir upp Helgafell hafa mótast með umferð fólks og liggja bæði um graslendi og laust hraun. Víða eru leiðirnar brattar og yfirborð er orðið erfitt yfirferðar.

Í graslendi myndast hliðarstígar þegar fólk víkur út af blautum eða drullugum slóðum. Í hrauninu hefur laust yfirborð víða rofnað og fótfesta versnað, sem leiðir einnig til myndunar nýrra slóða.

Markmiðið er að bæta gönguskilyrði, draga úr rofi og beina umferð eftir skýrari og betur útfærðum leiðum.



Slit og myndun hliðarstíga í graslendi




Brattar leiðir um laust hraun

LANDSLAG

Greining á núverandi leiðum





Mynd af vef Vestmannaeyjabæjar, gönguleiðir - Helgafell

Núverandi gönguleiðir hafa verið skoðaðar með tilliti til legu, halla, yfirborðs og rofs. Sérstaklega þarf að huga að bröttum köflum þar sem yfirborð er óstöðugt eða göngufólk hefur myndað hliðarstíga.

Loftmynd og langsnið sýna hvar helst er þörf á úrbótum og nýtast við að meta hvort heppilegra sé að nýta núverandi legu, bæta hana eða færa stíginn til.

Greiningin leggur grunn að tillögu að samfelldara og betur afmörkuðu stígakerfi.

LANDSLAG

Tillaga að nýju stígakerfi



Lagt er til að nýta núverandi slóða þar sem lega þeirra er heppileg og bæta þá með markvissum úrbótum. Þar sem bratti, rof eða erfið yfirferð kallar á breytingar verði skoðuð ný eða breytt lega.

Óæskilegum hliðarstígum verði lokað og umferð beint eftir skilgreindum gönguleiðum. Tillagan gerir ráð fyrir leiðum bæði vestan og austan megin Helgafells, með hringleið á toppnum.

Þannig verður hægt að ganga upp og niður sömu leið eða nýta mismunandi leiðir til að fá fjölbreyttari gönguupplifun.

SKÝRINGAR

- GÖNGULEIÐIR SEM LEGGJAST AF
- NÚVERANDI GÖNGULEIÐIR, SEM MÁ ÚTFÆRA BETUR
- BRATTIR KAFLAR Á NÚVERANDI GÖNGULEIÐ
- NÝJAR GÖNGULEIÐIR
- NÚVERANDI GÖNGULEIÐIR, ÓBREYTTAR
- ÁNINGASTAÐUR

LANDSLAG

Útfærsla í graslendi

Í graslendi er lagt til að halda sig að mestu við núverandi legu þar sem hún er heppileg. Á bröttum köflum verði komið fyrir þrepum úr náttúrusteini eða hraungrjóti, með malarstíg á milli þar sem halli leyfir.

Stöðugra yfirborð og markviss vatnsstýring eiga að draga úr myndun drullusvæða og hættu á að fólk gangi út fyrir stíginn. Afmörkun með náttúrusteinum eða öðrum látlausum hætti getur jafnframt hjálpað til við að beina umferðinni eftir leiðinni.

Útfærsla og bil milli þrepa verði aðlöguð að halla og aðstæðum á hverjum stað.







LANDSLAG

Útfærsla í lausu hrauni

Í brattari hraunköflum er hugmyndin að nota þrep úr náttúrusteini eða hraungrjóti til að bæta fótfestu og taka við hæðarmuninum. Þrepin verði þéttari þar sem hallinn er mestur, en útfærslan taki mið af náttúrulegri legu hraunsins.

Mikilvægt er að þrepin sitji stöðug og að laust efni geti ekki auðveldlega skolast undan þeim. Með skýrri afmörkun og samfelldri gönguleið má draga úr myndun hliðarstíga og takmarka frekara rask á hrauninu.


Nákvæm uppbygging og festing þrepa verði ákveðin með hliðsjón af aðstæðum á staðnum.



Myndir frá austur hluta Helgafells



Mynd frá Eldborg (www.west.is/en/place/eldborg-crater-walking-trail)








Myndir frá vef Góðar leiðir
(www.godarleidir.is/natturustigar/gongustigagerd/gongustigar-i-hrauni)


LANDSLAG

Samanburður á langsniðum

Langsnið austan megin við Eldfell




Langsnið eftir núverandi göngustíg í graslendi, hér væri þörf á þrepum inn á milli



Hlykkjóttur stígur með þrepum upp meðfram klettunum kannski 90-100 þrep

Hlykkjóttur stígum með þrepum upp meðfram klettunum, kannski 90-100 þrep

Langsnið vestan megin við Eldfell



Langsnið sem sýnir nýja legu í hrauninu, hér þyrfti aðeins 2 þrep inn á milli

Langsnið eftir núverandi göngustíg í graslendi, hér væri þörf á þrepum þar sem bratti er mikill

Langsnið núverandi leiðar og tillögu að nýrri legu sýna hvernig halli og hæðarmunur dreifast eftir leiðinni. Með samanburðinum má greina hvar bröttustu kaflarnir eru og hvar breytt lega eða þrep geta bætt gönguskilyrði.


Markmiðið er ekki að gera alla leiðina aflíðandi, heldur að útfæra bröttustu kaflana með tilliti til fótfestu, öryggis og rofhættu.

Endanleg lega og útfærsla verði staðfest með nánari hönnun og vettvangsskoðun.

LANDSLAG

Samanburður á langsniðum

Tilviðmiðunar má hér sjá halla í göngustíg á Eldfell



LANDSLAG

Áningastaður á miðri leið og upplifun á toppnum

Lagt er til að staðsetja áningarstað sunnan megin í hlíðinni, um það bil hálfa leið upp Helgafell austan megin, þar sem gott útsýni er yfir Vestmannaeyjabæ. Þar gefst göngufólki tækifæri til að hvílast og njóta útsýnisins á leið upp fjallið.

Mikilvægt er að áframhaldandi gönguleið upp fjallið sé skýr og sýnileg frá áningarstaðnum, þannig að göngufólk átti sig auðveldlega á leiðinni áfram og umferð haldist innan skilgreinds stígakerfis. Með skýrri legu og afmörkun má draga úr hættu á að fólk villist af leið eða myndi nýjar slóðir í hlíðinni.



Panoramynd frá mögulegum áningastað sunnan megin í hlíðinni.



Á toppnum tengir hringleið saman upp- og niðurleiðir beggja vegna fjallsins. Með skýrri legu og afmörkun má bæta upplifun gesta og halda umferð innan skilgreinds stígakerfis.

LANDSLAG

Tengingar og næstu skref



Skoða þarf tengingar Helgafells við aðra áfangastaði og gönguleiðir í Vestmannaeyjum, sérstaklega Eldfell og Eldheima. Einnig þarf að meta möguleika á sameiginlegu bílastæði fyrir Helgafell og Eldfell og tryggja öruggar tengingar yfir Fellaveg og Eldfellsveg.

Næstu skref eru að þróa legu og útfærslu einstakra stígakafla nánar, meta efnisval og framkvæmanleika og útfæra tillögur að lokun óæskilegra hliðarstíga.

Heildarmarkmiðið er að skapa skýrari, öruggari og betur útfærðar gönguleiðir sem falla að landslagi Helgafells og draga úr áframhaldandi rofi.

LANDSLAG